

Framhaldsaðalfundur FVB 2020

var haldinn 25. september 2020 kl. 16:00 í sal VR, Húsi Verslunarinnar.

Dagskrá, eins og kynnt var í fundarboði var þessi:

1. Kosning fundarstjóra
 2. Tilnefning fundarritara og tveggja atkvæðateljara
 3. Gjaldkeri leggur fram ársreikning félagsins fyrir 2019, umræður um ársreikninginn og hann borinn upp til samþykktar eða synjunar
 4. Kosning skoðunarmanna reikninga og eins til vara
 5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs
 6. Önnur mál
1. Formaður FVB, Hrefna Díana Viðarsdóttir, setti fund k. 16:01. Formaður lagði til að Guðrún Barbara Tryggvadóttir yrði fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Þá tók Guðrún við fundarstjórn.
 2. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætann þar sem til hans var boðað eins og lög félagsins sögðu til um. Fundarstjóri lagði til að Aðalheiður Rúnarsdóttir ritaði fundinn og var það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri óskaði eftir tveimur atkvæðateljurum og Inga Bjarnadóttir og Særós Guðnadóttir gáfu kost á sér til starfsins. Voru þær samþykktar sem atkvæðateljarar.
 3. Inga Jóna Óskarsdóttir, varaformaður FVB, kynnti ársreikning félagsins, sem hófst á skýrslu fráfarandi stjórnar, hvar fram komu upplýsingar um hagnað á rekstrarárinu, eigið fé og fjölda félagsmanna og sjá má áritun fráfarandi stjórnar félagsins. Þá staðfestu skoðunarmenn reikninga, Guðbjörg Anna Jónsdóttir og Særós Guðnadóttir, ársreikninginn með undirritun sinni, sem og höfundar hans, Inga Bjarnadóttir og Harpa Þráinsdóttir, sem skv. lögum félagsins og verklagsreglum lögðu ársreikninginn fyrir stjórn.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2019 voru heildartekjur 10.848.000 kr. í stað 11.408.300 kr. árið á undan. Þær skiptust í félagsgjöld (kr. 5.798.000), tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi (kr. 4.940.000) og inntökugjöld (kr. 110.000). Félagsgjald var innheimt í tvennu lagi á tímabilinu, 6.500 kr. í hvort sinn.

Rekstrargjöld lækkuðu á milli ára, fóru úr 12.644.705 kr. árið 2018 í 10.899.043 kr. árið 2019. Þar var, líkt og fyrri ár, hæsti liðurinn ráðstefnu- og námskeiðshald, eða 4.080.232 kr. árið 2019. Laun og tengd gjöld hækkuðu lítillega á milli ára, fóru úr 3.824.369 kr. árið 2018 í 3.064.474 kr. árið 2019. Tap ársins var þá, að meðtöldum fjármunatekjum, 1.778 kr. 2019 í stað 1.133.815 kr. árið 2018.

Eignir félagsins jukust lítillega á milli ára, fóru úr 5.359.441 kr. árið 2018 í 5.603.185 kr. árið 2019. Breytingin var að mestu til komin vegna kaupa á nýrri heimasíðu félagsins, sem var bókfærð á 1.021.760 kr. Árið 2019 var haldbært fé félagsins 4.581.425 kr., en því markmið félagsins er ekki að safna peningum er það verkefni félagsins að koma því fé út.

Eigið fé félagsins var samtals 4.177.041 kr. í lok árs 2019 og skammtímaskuldir 1.426.144. Eigið fé og skuldir voru því samtals 5.603.185 kr. árið 2019, á móti 5.259.441 kr. árið á undan.

Bætt hafði verið inn í ársreikninginn stórum kafla skýringa samkvæmt reglugerð frá 1. janúar 2019 varðandi breytingar á innihaldi skýringa. Fengið var álit fagaðila um hvaða skýringar væru viðeigandi á ársreikningi FVB.

Fundarstjóri bauð umræður um ársreikningana. Ein fyrirspurn kom, varðandi færslu kostnaðar við gjafir og hvort félagið væri hætt að afhenda nýjum viðurkenndum bókurum blóm við útskrift. Því var svarað neitandi, það væri enn gert.

Fundarstjóri tók þá ársreikninginn til afgreiðslu. Var hann samþykktur einróma.

4. Fyrir fundinum lá að kjósa skoðunarmenn reikninga og einn til vara. Eitt framboð hafði boðist fyrir fundinn, frá Elínu Pálmadóttur. Fundarstjóri óskaði eftir framboðum úr sal og Magdalena Lára Gestsdóttir gaf kost á sér. Fleiri framboð komu ekki og því voru Elín og Magdalena Lára sjálfkjörnar sem skoðunarmenn reikninga FVB.

Fundarstjóri óskaði þá eftir framboðum til varamanns skoðunarmanna reikninga. Guðbjörg Anna Jónsdóttir bauð sig fram. Fleiri framboð komu ekki og því var Guðbjörg Anna sjálfkjörin sem varamaður skoðunarmanna reikninga FVB.

5. Formaður lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2020.

Áætlaðar tekjur félagsins voru 11.448.000 kr., þar af 6.188.000 kr. í félagsgjöld og 5.100.000 kr. í ráðstefnu- og námskeiðstekjur. Tímasetning ráðstefnu var ekki ákveðið, í ljósi óvissu vegna COVID19, en málið var í vinnslu hjá stjórn. Áætluð gjöld voru með svipuðu sniði og árin á undan, eða um 12 milljónir. Áætlað framlag til skemmtinefndar var lækkað frá fyrri áætlun, vegna COVID19. Stefnt var að því að auglýsa um áramót líkt og fyrri ár. Stjórn hafði leitað tilboða í Office 365 til að lækka kostnað við fjarnámskeið og því hækkaði þessi liður í áætluninni. Launakostnaður var áætlaður svipaður og áður. Ekki var áætlað að halda Dag um þekkingu bókarans árið 2020. Fyrningu á heimasíðu, sem ekki var á ársreikningi 2019, var bætt inn í fjárhagsáætlun 2020. Rekstrartap var því áætlað 612.483 kr. á árinu 2020.

Spurt var um kostnað við ráðstefnu og stefnu í þeim málum. Formaður sagði hann ekki þekktann, en að aldrei hafi verið litið á ráðstefnuna til hagnaðar, heldur að tekjur af henni stæðu undir gjöldum. Spurt var um fjölda þátttakenda á ráðstefnu sem væru utan félags og hvernig ráðstefnugjald þeirra væri ákvarðað. Inga Jóna svaraði og sagði það vera 7-10% og gjaldið vanalega miðað við kostnaðarverð. Spyrjandi taldi rétt að utanfélagsmenn greiddu mun meira, eða í það minnsta sem næmi félagsgjaldi FVB. Stjórn leist vel á þá hugmynd og áætlaði að taka hana til athugunar.

Ekki voru fleiri fyrirspurnir. Þá voru greidd atkvæði um fjárhagsáætlun FVB fyrir árið 2020 og hún samþykkt einróma.

6. Þrír fundarmenn tóku til máls undir öðrum málum. Haft var orð á hve fundurinn var illa sóttur og því velti upp hvort fundarboð hafi misfarist, að ekki allir félagar hafi gengið tölvupóst.

Lagt var til að fundir yrðu auglýstir á Facebook síðu félagsins og að póstlisti yrði yfirfarinn og uppfærður.

Fram kom að tímasetning hafi verið óheppileg fyrir félagsmenn og því var lagt til að í næstu skoðanakönnun meðal félagsmanna verði spurt um hvaða tími henti best til fundahalda, bæði hvenær mánaðar, hvaða vikudag og klukkan hvað.

Fleiri tóku ekki til máls, fundarstjóri þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 16.33.

Aðalheiður Rúnarsdóttir, fundarritari